

Aðalfundur Læknafélags Íslands
14. október 2022

Áskorun
til heilbrigðisráðherra

Aðalfundur Læknafélags Íslands (LÍ), haldinn í Kópavogi 14. október 2022, skorar á heilbrigðisráðherra að sjá til þess að læknisfræðileg starfsendurhæfing sé tryggð og efl.

Starfsendurhæfing er nauðsynlegur hluti læknisfræðilegrar endurhæfingar og er veitt þeim sem atvinnutengd starfsendurhæfing getur ekki þjónað. Starfsemin sem hefur verið á Reykjalundi er sú eina sinnar tegundar á landinu og styður aðra endurhæfingu í heilbrigðiskerfinu. Heilbrigðisyfirvöld hafa nú sagt upp þjónustusamningi við Reykjalund um læknisfræðilega starfsendurhæfingu.

Læknisfræðileg starfsendurhæfing þarf að fara fram undir handleiðslu þverfaglegs teymis heilbrigðisstarfsmanna og vera á ábyrgð lækna.